

Nd.

691. Breytingartillögur

[76. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 15 júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Við 5. málsg. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. l. nr. 7/1972) bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:  
Við B-lið 15. gr. laganna bætist nýr málslíður:  
Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamatsverð, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.
3. Við 3. gr. Tölur í stafliðum a, b og c breytast þannig: Fyrir „14 000“ komi: 18 000, fyrir „22 000“ komi: 26 000, fyrir „56 000“ komi: 72 000 og fyrir „88 000“ komi: 104 000.
4. Á eftir 7. gr. komi ný grein:  
53. gr. laganna orðist svo:  
Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., og fjárhæðir í IV. lið þeirrar gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert.